



FUNDARGERÐ

269. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1 – Fellabæ
fimmtudaginn 17. október 2019 kl. 15:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson
Mýrdal, Björg Björnsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Magnús Jónsson frá KPMG sat fundinn undir lið 3 og 4.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál.
2. Gjaldskrárhækkun hitaveitu.
3. 8 mánaða uppgjör.
4. Áætlun 2020 – drög.
5. Yfirlit verkefna – staða og áætlun.
6. Samorka – þátttaka HEF.
7. Hitaveituráðstefna SDEC í Reykjavík, þátttaka HEF.
8. Hleðslustöð fyrir rafbíla á bílastæði.
9. 40 ára afmæli HEF.
10. FúFF - Fita úr fráveitu í flöskur.
11. Önnur mál.

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

1. Starfsmannamál.

Fært í trúnaðarmálabók.

2. Gjaldskrárhækkun hitaveitu.

Stjórn fellur frá fyrri ákvörðun sinni, frá 8. desember 2018, um gjaldskrárhækkun hitaveitu um 7% og ákveður, með fyrirvara um samþykki ráðuneytis, að gjaldskrá hækki um 2,5% í janúar 2019. Framkvæmdastjóra falið að uppreikna tölur og leggja fyrir á næsta fundi.

3. 8 mánaða uppgjör.

Magnús Jónsson frá KPMG fór yfir endanlega útgáfu 8 mánaða uppgjörs. Eigin vinna starfsmanna HEF er komin í uppgjórið.

Niðurstaða:

Stjórn staðfestir 8 mánaða uppgjör yfirstandandi fjárhagsárs.

4. Fjárfestingaáætlun 2020 – drög.

Starfsmenn HEF funduðu (11. okt) og ræddu um mest aðkallandi fjárfestingaverkefni. Framkvæmdastjóri lagði fyrir drög að framkvæmda- og rekstraráætlun fyrir komandi ár.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá drögum að fjárhagsáætlun 2020 og senda á stjórn til skoðunar og samþykktar.

5. Yfirlit verkefna – staða og áætlun.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál og verkefni sem í gangi eru og framundan.

- Endurnýjun fráveitulagna í Skjólgarði (Kvenfélagsgarði) hefst í næstu viku og á að ljúka fyrir 1. desember.
- Tilboð í lokuðu útboði, endurnýjun regnvatnslagna við Íþróttahús, verða opnuð 22. október.
- Fljótsdalshérað ljóstengt: Vinna við kortlagningu styrkhæfra staða, ásamt forsenduvinnu fyrir endurskoðun kostnaðaráætlunar er hafin.
- Vinna við undirbúning upptöku og vistun gagna úr eftirlitsmyndavélum er í gangi.
- Lagning ljósleiðara upp Fell er í undirbúningi, stefnt er að því að tengja fyrir áramót.
- Fundur með Austurljósi. Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sínum með stjórnarmönnum Austurljóss. Málið í vinnslu.

6. Samorka – þátttaka HEF.

HEF hefur í gegnum tíðina verið virkur þátttakandi í starfi Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Framkvæmdastjóri hefur sótt tvo fundi í október, hjá Ráðgjafaráði veitufyrirtækja og Fagráði fráveitna, þar sem til umfjöllunar var umsagnarvinna og álitsgjöf vegna stuðnings ríkisins við fráveituframkvæmdir. Samorka hefur skilað álit vegna þingmannafrumvarps (Jón Gunnarsson alþm.) um niðurfellingu virðisaukaskatts. Einnig er álit Samorku að fara til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

7. Hitaveituráðstefna.

Framkvæmdastjóri og Jón Kristinn Auðbergsson, starfsmaður HEF stefna á alþjóðlega hitaveituráðstefnu og vörusýningu, Sustainable District Energy Conference, SDEC, sem haldin verður í Reykjavík 23. -25. október.

8. Hleðslustöð fyrir rafbíla á bílastæði.

Fyrirspurn barst frá umhverfisfulltrúa Fljótsdalshéraðs, hvort HEF sé tilbúið til að samþykkja og kosta að hluta uppsetningu hleðslustöðvar fyrir rafbíla á bílastæði við skrifstofu, Einhleypingi 1. Stjórn tekur vel í erindið og felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu.

9. 40 ára afmæli HEF.

Undirbúningur viðburðar vegna tímamótanna er hafinn. Framkvæmdastjóri hefur lagt til að gert verði veggspjald með sögu/tímalínu félagsins. Skipuleggja þarf viðburð og boða til hans. Leggur framkvæmdastjóri til að íbúum sveitarfélagsins verði á tímamótunum færðar trektar til að safna í lífrænni fitu og olíum sem til falla á heimilum, sbr. mál nr. 10.

10. FÚFF – Fita úr fráveitu í flöskur.

Norðurorka og dótturfélag hennar, Vistorka á Akureyri hafa um nokkurt skeið tekið á mótí afgangslínu/fitu frá heimilum og fyrirtækjum, m.a. frá einhverjum stóreldhúsanna á Austurlandi. Til að byrja með liggur beinast við að fólk og fyrirtæki skili olíuflöskum á endurvinnslustöð.

Stóra málið fyrir HEF í þessu verkefni yrði að losna við fitu úr fráveitukerfinu, sem mun spara umtalsvert í rekstri fráveitunnar.

Tilboð hefur borist í trektar til að skrúfa ofaná plastflöskur, sem dreift yrði til allra sem tengjast fráveitu HEF, tæpar 400 þús. kr.

Annar kostnaður vegna móttöku o.fl. er gróflega áætlaður 400 þús. kr. 800 þús. kr. alls.

Stjórn ákveður að ráðast í verkefnið.

11. Önnur mál.

Jón Steinar er að láta af stjórnarsetu í Hitaveitu Egilsstaða og Fella vegna búferlaflutninga. Stjórn þakkar Jóni Steinari gott samstarf og óskar jafnframt eftir því að auka aðalfundur verði haldinn til að skipa nýjan fulltrúa í hans stað.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 18:26.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.